

From: Guðmundur Heiðar Helgason <gudmundurhh@straeto.is>

Sent: þriðjudagur, 6. nóvember 2018 10:30

To: Erlendur Pálsson <erlendur@straeto.is>

Subject: FW: Tilkynning: Akstursþjónusta fatlaðs fólks tryggð

Fréttatilkynning 6. nóvember 2018

Akstursþjónusta fatlaðs fólks tryggð

Höfuðmarkmið Strætó bs. í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk er að tryggja hnökralausa þjónustu enda skiptir þjónustan farþega afar miklu máli.

Þann 17. október sl. var einn af verktökunum í akstursþjónustu fatlaðs fólks, Prime Tours ehf. úrskurðaður gjaldþrota. Frá þeim tíma hefur Strætó bs. verið með til skoðunar hvernig hægt sé að tryggja að þjónustan uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar.

Í kjölfar gjaldþrotsins óskaði skiptastjóri þrotabúsins eftir samþykki Strætó bs. á framsali rammisamnings til annars rekstraraðila, Far-vel ehf, sem gert hafði tilboð í rekstrarvagna þrotabúsins og boðið starfsfólki þess áframhaldandi starf.

Fyrir liggur að Far-vel ehf. fullnægir öllum hæfisskilyrðum rammisamningsins og hefur því stjórn Strætó bs. samþykkt erindi skiptastjóra um framsal samningsins fyrir sitt leyti.

Strætó bs. telur að með þessu hafi farþegum í akstursþjónustu fatlaðs fólks verið tryggð fullnægjandi þjónusta út gildistíma rammisamningsins sem er til ársloka 2019.

Nánari upplýsingar veitir:

Guðmundur Siemsen, lögræðingur Strætó bs. í síma 821 2912 eða á netfangið gudmundur@advel.is



Guðmundur Heiðar Helgason | Markaðs- og
upplýsingafulltrúi
gudmundurhh@straeto.is | s. 661 1305

Strætó bs | Skrifstofur Þönglabakka 4 | 109 Rvk |

[Skilmálar / Disclaimer](#)